



CE-vottun á timbri – útlitsstyrkflokkun – viðarvinnslur

Eiríkur Þorsteinnsson

Trétækniráðgjöf slf. Timbur.is – eiki@timbur.is

Farið verður yfir sögu styrkflokkunar hér á landi og hvers vegna við þurfum að styrkflokka timbur.

Er Evrópuregluverkið að gera okkur lífið leitt? Hverjar eru kröfur til merkingar á söguðu timbri annars staðar á Norðurlöndunum, sem kemur úr einföldum bandsögum eða hjólsögum í svokölluðum litlum sögunarmyllum á Norðurlöndunum og kallast „Smáságarana“?

Er kominn tími til að við stofnum sambærileg samtök hér á landi og hefjum samvinnu við hin norrænu löndin? Ef við gerum það búum við til verðmæti úr eigin skógi og verðgildi skógarvinnslu eykst.

Hvernig eru starfsmenn menntaðir á Norðurlöndum í timburflokkun og hver er ábyrgð lítilla sögunarmylla fyrir gæðin?

Hvernig standa hin norrænu löndin að styrkflokkun á burðarvirki fyrir mannvirki þar sem timbrið er unnið af fámennu starfsliði sem reka litlar sögunarmyllur?

Sagt verður frá verkefnum sem nú þegar hafa verið framkvæmd úr styrkflokkuðu íslensku timbri.

Hvernig er með öspina? Af hverju getum við ekki notað hana í burðarvirki? Við gátum það fram til 2009. Hugleiðingar um það hvað við getum gert til að endurverkja notkunina á öspinni í burðarvið og til annara nota. Myndum við gera það í samvinnu við hin norrænu löndin?

